

Framgangur áætlunar um losun fjármagnshafta

Greinargerð skv. lögum nr. 16/2013 frá Alþingi

Greinargerð þessi er birt af fjármála- og efnahagsráðherra skv. lögum nr. 16/2013 frá Alþingi.

[Ráðherra skal birta opinberlega greinargerð um framgang áætlunar um losun takmarkana á fjármagnshreyfingum milli landa og gjaldeyrisviðskiptum á sex mánaða fresti þar til slíkum takmörkunum verður endanlega aflétt. Greinargerð skv. 1. málslíð skal birta í fyrsta sinn innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.]

Fyrsta greinargerð samkvæmt lögum var birt á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins 17. september 2013.¹ Vísað er til hennar hvað varðar almenna umfjöllun um tildrög fjármagnshaftanna, tilgang þeirra og meginatriði áætlunar um losun þeirra.

Umfang vandans


Sá greiðslujafnaðarvandi sem íslenska hagkerfið stendur frammi fyrir og er ástæða þess að gjaldeyrishöft eru við lýði felst í mögulegu útflæði vegna: 1) krónueigna erlendra aðila, sem kallaðar eru aflandskrónur; 2) uppgjors hinna föllnu banka; 3) útflæðis krónueigna innlendra aðila (t.d. lífeyrissjóða) eftir að höftum hefur verið aflétt; 4) samningsbundinna afborgana innlendra aðila af skuldbindingum við erlenda aðila. Ef afnám fjármagnshafta færi fram með óskipulögðum hætti gæti samspil ofangreindra þátta valdið óstöðugleika og grafið undan efnahags- og fjármálastöðugleika.

Áætlun um afnám gjaldeyrishafta sem unnið hefur verið eftir frá því í mars 2011 hefur fyrst og fremst miðað að því að draga úr áhættu tengdri aflandskrónum. Á undanförunum misserum hafa stjórnvöld þó í auknum mæli horft til þess vanda sem skapast af uppgjöri hinna föllnu fjármálafyrirtækja. Uppgjör þeirra án verulegra neikvæðra áhrifa á greiðslujöfnuð þjóðarbúsins er forsenda þess að hægt sé að losa gjaldeyrishöftin án óæskilegra áhrifa á efnahagslegan og fjármálalegan stöðugleika.

Aflandskrónur

Upphæð aflandskróna nam 327 mö.kr. í lok árs 2013, en stóð í 565 mö.kr. í kjölfar hruns fjármálakerfisins árið 2008. Seðlabankinn hefur lækkað stöðu aflandskróna bæði með sérstökum viðskiptum og útboðum (sjá hér að aftan) í samræmi við áætlun um afnám hafta frá mars 2011. Með útboðum Seðlabankans hefur erlendum skammtíma fjárfestum í aflandskrónum markvisst verið hleypt út og þar með dregið úr þeim hluta aflandskróna sem eru í höndum þeirra sem vilja innleysa fjárfestingu sína nær óháð gengi. Samhliða þessari lækkun hefur samsetning þessara eigna breyst verulega. Meirihluti lækkunarinnar hefur verið í innstæðum en erlendir aðilar hafa einnig aukið líftíma eigna sinna í skuldabréfum ríkissjóðs. Við áramót voru um 177 milljarðar aflandskróna í ríkisskuldabréfum, 136 ma.kr. í innstæðum og 14 ma.kr. í skuldabréfum íbúðalánasjóðs. Upphæð aflandskróna í innstæðum hefur ekki breyst verulega frá miðju ári 2013 á meðan fjárfestingar aflandskróna í ríkisskuldabréfum í hafa lækkað nokkuð. Er þetta nokkur breyting frá því sem áður var.


¹ <http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/2013/09/17/nr/17190>




Erfitt er að meta hversu kvikar þær aflandskrónur sem eftir standa eru. Áhugi fjárfesta á því að selja fjárfestingar sínar ræðst fyrst og fremst af því gengi sem þeim býðst hverju sinni og gæti aukist verulega með lækkun aflands gengis. Ólíklegt er að aflandskrónum verði öllum skipt hratt í gjaldeyri heldur muni hluti fjárfesta halda fjárfestingum sínum eftir losun hafta, en vandasamt er að segja fyrir um þá þróun.

Í lok febrúar 2014 áttu erlendir aðilar 22% útgefna ríkisskuldabréfa í íslenskum krónum en ekkert af útgefnum ríkisvixlum. Af heildarútgáfu ríkisskuldabréfa og ríkisvixla áttu erlendir aðilar 21%. Erlendir aðilar eiga nokkuð hátt hlutfall stystu ríkisskuldabréfanna en aðeins lítinn hluta bréfa með lengri líftíma. Slitabú föllnu bankanna eiga einnig nokkuð af stystu ríkisbréfunum eins og sjá má af myndinni hér að neðan. Samtals eiga erlendir aðilar og slitabúinn um 24% útgefna ríkisbréfa í íslenskum krónum.

Eign erlendra aðila í ríkisskuldabréfum



Þegar meta á líklegt útlæði aflandskróna er vert að benda á að víða í nýmarkaðsríkjum hefur hlutdeild erlendra aðila í ríkisskuldabréfum í innlendri mynt verið nokkuð hærri en hér á landi. Miðað við það mætti búast við því að erlendir aðilar muni áfram kaupa útgáfur ríkissjóðs í krónum eftir að höftum hefur verið lyft.

Skipting opinberra skulda í innlendri mynt,
(heimild AGS 2013, Lánasýslan febrúar 2014)*Hinir föllnu bankar*

Slitameðferð hinna föllnu banka hefur umtalsverð áhrif á þróun erlendarar stöðu þjóðarbúsins til næstu ára. Í raun er vandinn tengdur slitum bankanna tvíþættur. Annars vegar tengist hann skuldabréfi milli nýja og gamla Landsbankans og hins vegar uppgjöri á slitabúum Kaupþings og Glitnis. Eignir slitabúanna eru að þó nokkru leyti í íslenskum krónum en nærri 95% kröfuhafa þeirra eru erlendir aðilar. Til viðbótar munu nokkrir fjármunir í íslenskum krónum falla til handa erlendum kröfuhöfum annarra búa.

Skuldabréf milli nýja og gamla Landsbankans var fært í bækur Landsbankans á 238 ma.kr. í árslok 2013. Bréfið greiðist með jöfnum afborgunum á árunum 2014-2018. Ljóst er að verulegt misvægi er milli skuldabréfsins og mögulegra tekna Landsbankans í erlendri mynt á þessum árum. Því þarf að semja um skilmálabreytingar á skuldabréfinu sem tryggja að endurgreiðsluferillinn verði ekki of þungur fyrir greiðslujöfnuð Íslands með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á gengi krónunnar eða gjaldeyrisforðann. Slitastjórn Landsbankans og Landsbanki Íslands hafa um nokkurt skeið átt í viðræðum um skilmálabreytingu skuldabréfsins.


Greiðslujafnaðarvandinn tengdur uppgjöri Kaupþings og Glitnis fellst í um 500 ma.kr. eignum sem skipta má í tvennt; annars vegar laust fé sem áætlað er að falli til yfir nokkurra ára tímabil, og hins vegar u.þ.b. 285 ma.kr. eignarhluta (bókfært virði) slitabúanna í nýju bönkunum, Arion banka og Íslandsbanka.

Sala á þessum eignarhlutum getur sett þrýsting á gengi krónunnar ef nýir (innlendir) fjárfestar vildu kaupa gjaldeyri til þess að greiða fyrir hlutina eða við greiðslu til kröfuhafa fái þeir greitt í krónum sem fjárfestar hafa greitt fyrir hlutina. Ef hlutirnir verða seldir fyrir gjaldeyri til erlendra aðila sem hygðust halda þeim til lengri tíma yrði komist hjá slíkum neikvæðum áhrifum, enda þótt þrýstingur kynni að koma fram yfir lengri tíma þegar bankarnir greiða arð til erlendra eigenda sinna.

Í ljósi þeirra háu fjárhæða um er að tefla gætu nauðasamningar föllnu bankanna sem ekki taka mið af mögulegum neikvæðum áhrifum þeirra á greiðslujöfnuð valdið meiri skaða fyrir Ísland en áframhaldandi fjármagnshöft um nokkurt skeið. Mikilvægt er því að nauðasamningarnir ýti undir stöðugleika og styðji við markmið um losun hafta. Samkvæmt lögum mun þurfa að taka búin til gjaldþrotaskipta ef nauðasamningar takast ekki.

Innlendir aðilar

Við losun fjármagnshafta má gera ráð fyrir að innlendir aðilar leyti á ný í erlenda fjárfestingu og flytji því fjármuni úr landi. Stór hluti sparnaðar heimila er bundinn í lífeyrissjóðakerfinu og víst er að lífeyrissjóðir muni sækja á ný að auka hlutdeild erlendra eigna í eignasafni sínu til að tryggja dreifingu áhættu. Tiltrú á íslenskt efnahagslíf mun ráða miklu um hversu mikið innlendir aðilar munu leita út úr hagkerfinu við losun fjármagnshafta.



Í greiningu starfsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er hugsanlegt útlæði að þessum sökum metið á 30-45% af landsframleiðslu ársins 2011.² Vísað er til fyrri greinargerðar frá september 2013 hvað varðar umfjöllun um þetta atriði, auk kaflans hér að neðan um varúðarreglur eftir höft.


Endurgreiðslur og endurfjármögnun lána

Samningsbundnar afborganir innlendra aðila af erlendum skuldum hafa einnig veruleg áhrif á greiðslujöfnuð þjóðarbúsins næstu árin. Þrátt fyrir að slíkar afborganir séu almennt ekki bundnar gjaldeyrishöftum þá hafa þær áhrif á mögulega losun haftanna vegna neikvæðra áhrifa á greiðslujöfnuð þjóðarbúsins. Gjalddeyrisforði Seðlabankans var um 488 ma.kr. í lok árs 2013 og er að mestu fjármagnaður með lánsfé.

Fyrir utan greiðslur af skuldabréfi Landsbankans munar hér mestu um skuldir orkufyrirtækjanna, ekki síst Landsvirkjunnar. Forsvarsmenn Landsvirkunnar hafa opinberlega lýst því yfir að fyrirtækið stefni ekki að endurfjármögnun nema lítils hluta þeirra lána sem falla á gjalddaga á næstu árum, enda er skuldsetning fyrirtækisins meiri en sambærilegra fyrirtækja á öðrum Norðurlöndum. Samkvæmt tölum sem Seðlabanki Íslands birti í Fjármálastöðugleika nema afborganir fyrirtækja með ríkisábyrgð um 150 mö.kr. til ársins 2019.

Takmarkað aðgengi ýmissa annarra aðila hagkerfisins að fjármagni, þ.m.t. til endurfjármögnunar, getur einnig haft áhrif. Aðgengi ríkissjóðs að erlendu fjármagni hefur opnað aðgengi annarra aðila að erlendu lánsfé, en erlend fjármögnun getur skipt hagkerfið höfuðmáli þegar það nær vopnum sínum á ný eftir erfið ár í kjölfar fjármálakreppunnar. Ábyrg stjórn fjármála hins opinbera skiptir því miklu máli fyrir árangursríka losun fjármagnshafta. Mikilvægt skref í þessa átt var tekið með fjárlögum ársins 2014, sem voru fyrstu hallalaus fjárlögin frá árinu 2007.

Áætlaðar afborganir af erlendum lánum innlendra aðila



² <http://www.imf.org/external/pubs/ft/scr/2013/cr13257.pdf>

Ljóst er því að Ísland stendur frammi fyrir greiðslujafnaðarvanda á næstu árum. Verulegur þrýstingur yrði á gengi krónunnar ef höftum yrði aflétt án þess að þessi vandi verði leystur.

Gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands

Í kjölfar samþykktar áætlunar um afnám hafta í mars 2011 hóf Seðlabankinn útboð til þess að lækka stöðu svokallaðra aflandskróna. Gjaldeyrisútboð ríkisskuldabréfa hófust sumarið 2011, en fyrsta útboðið samkvæmt fjárfestingarleiðinni var haldið í febrúar 2012. Alls hafa verið haldin 18 útboð ríkisskuldabréfa og 16 útboð hafa verið haldin í tengslum við fjárfestingarleiðina. Fjárfestar hafa fært EUR 257,9 milljónir inn í landið samkvæmt ríkisskuldabréfaleiðinni, eða fjárhæð sem samsvarar á grundvelli útboðsverðsins í hverju tilfalli og skráðs meðalgengis Seðlabankans á sama degi alls um 55,9 milljörðum og EUR 791,2 milljónir eða 156,3 milljarða samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Tæplega þriðjungur af þessu hefur farið gegnum innlendan gjaldeyrismarkað, þar sem 50% af þeirri fjárhæð sem fjárfest er fyrir samkvæmt fjárfestingarleiðinni verður að breyta í íslenskar krónur á innlendum gjaldeyrismarkaði.

Í byrjun febrúar 2014 námu erlendar fjárfestingar samkvæmt fjárfestingarleiðinni um það bil 12,5% af vergri landsframleiðslu ársins 2012. Um 44,9% af því fjármagnsinnstreymi sem komið hefur um fjárfestingarleiðina hafa verið fest í skuldabréfum, um 42,3% í hlutabréfum, 12,1% í fasteignum og um 0,6% í verðbréfasjóðum.

Þegar greint er á milli innlendra og erlendra aðila sem tóku þátt í útboðunum kemur í ljós að 38% heildarfjárhæðarinnar koma frá innlendum og 62% frá erlendum fjárfestum. Við þessa greiningu eru erlend fyrirtæki í eigu íslenskra aðila flokkuð sem innlendir fjárfestar.

Að auki hafa verið haldin 17 útboð þar sem leitað er tilboða frá aðilum sem vilja selja krónueignir sínar í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri sem er undanþeginn skilaskyldu. Árið 2011 voru haldin tvö slík útboð á genginu 210 krónur á evru. Verðið hélst nokkuð stöðugt árið 2012, eða 240 krónur á evru, en það lækkaði á árinu 2013. Í síðasta útboðinu, sem var haldið í febrúar 2014, var útboðsverðið 210 krónur á evru. Í útboðunum sautján hafa alls 358,7 milljarðar kr. verið boðnir til sölu, en þar af hefur Seðlabankinn keypt 127,7 milljarða kr.

Útboðsverð er ákveðið að afloknum útboðunum þremur á útboðsdegi. Magn þeirra króna sem Seðlabankinn kaupir fyrir erlendan gjaldeyri ræðst af magni þess erlenda gjaldeyris sem boðinn er til sölu til kaupa á löngum ríkisskuldabréfum og til fjárfestinga í gegn um fjárfestingaleiðina. Þannig er áhrifum útboðanna á gjaldeyrisforðann haldið í lágmarki. Útboðsdagsetningar eru tilkynntar með fyrirvara og stefnt er að útboðum 18. mars, 14. maí, 24. júní og 2. september 2014.

Ríkisbréfaleið

Einn liður í samstarfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Seðlabanka Íslands varðandi afléttingu gjaldeyrishafta var svokölluð ríkisbréfaleið. Ríkisbréfaleiðin þjónaði mikilvægum tilgangi í upphafi en óvissa var um áhrif afléttingu hafta á endurfjármögnun innlendra skulda ríkissjóðs. Stofnað var til þessa úrræðis árið 2011 og var markmiðið með því að tryggja endurfjármögnun og lengja í endurgreiðsluferlinum. Mikilvægt var að tryggja sölu á ríkisskuldabréfum til nýrra fjárfesta í staðinn fyrir þá erlendu fjárfesta sem vildu fara út. Ríkisbréfaleiðin beindist fyrst og fremst að lífeyrissjóðum, þannig að þeir kæmu inn með erlendar eignir og fengu þess í stað löng verðtryggð ríkisbréf. Lífeyrissjóðirnir eru ekki jafn áhugasamir um ríkisbréfaleiðina og þeir voru í upphafi og hafa aðrir kaupendur komið í þeirra stað.

Frá því í júní 2011 hafa verið haldin 18 útboð þar sem 437 milljónum evra hefur verið skipt fyrir ríkisbréf. Virði í krónum er um 51,3 milljarðar, þar af seldust 30 ma.kr. í tveimur af þremur fyrstu útboðunum eða um 58% af seldu heildarmagni. Frá ársbyrjun 2013 hefur sala samkvæmt ríkisbréfaíðinni tvisvar sinnum náð yfir 1 ma.kr. þ.e. í júní 2013 og í febrúar á þessu ári.

Styrkari umgjörð efnahagsmála

Á sama tíma og unnið er að afnámi fjármagnshafta þarf umgjörð efnahagsmála að styðja við stöðugleika efnahags- og fjármálakerfisins þegar fjármagnsflæði hefur verið gefið frjálst að nýju. Framlagning frumvarpa til laga um opinber fjármál og fjármálastöðugleikaráð gegna þar mikilvægu hlutverki.

Einnig þarf að gæta að umgjörð gjaldmiðilsins og þeim varúðarreglum sem gilda eiga þar um. Seðlabanki Íslands gaf út sérritið Varúðarreglur eftir fjármagnshöft í ágúst 2012.³ Í skýrslunni fjallar bankinn um varúðarreglur sem hann telur æskilegt að verði til staðar þegar höftum verður aflétt til að tryggja fjármálastöðugleika í landinu.

Að mati Seðlabanka Íslands eru helstu áhættuþættir við óheftar fjármagnshreyfingar eftirfarandi: Óhóflegt inn- eða útstreymi fjármagns, gjaldmiðlamisvægi og gjalddagamisræmi. Óhóflegu innstreymi fjármagns fylgir hækkun gengis og eignaverðs sem m.a. leiðir til aukins kaupmáttar. Slík staða magnar uppsveiflu sem skyndilega getur snúist við með útstreymi og gengisfalli, lækkun eignaverðs og kaupmáttar. Snörp umskipti geta þannig magnað samdrátt eða valdið honum. Gjaldmiðlamisvægi myndast þegar lántökur í einum gjaldmiðli eru nýttar til að kaupa eignir, vörur eða þjónustu í öðrum gjaldmiðli. Eignir og skuldir hreyfast því ekki saman með gengi gjaldmiðla. Dæmi um þetta eru lántökur heimila, sveitarfélaga og fyrirtækja hér á landi á árunum fyrir hrun í erlendum gjaldmiðlum án þess að hafa tekjur á móti í erlendri mynt. Við hrunið féll gengið, en eignaverð lækkaði og eigið fé rýrnaði mikið. Gjalddagamisræmi er það hins vegar þegar erlendar langtímaeignir eru fjármagnaðar með skammtímaskuldbindingum í sama gjaldmiðli. Þessi staða getur valdið lausafjarþurrð þegar ekki tekst að fjármagna gjalddaga í tíma. Í slíkum tilfellum er það hlutverk seðlabanka að veita þrautavaralán sem takmarkast af stærð gjaldeyrisvarasjóðs.

Seðlabankinn leggur til að endurbæta löggjöf og regluverk til að tryggja þjóðhagsvarúð þegar fjármagnshöftum verður aflétt að fullu. Tillögur bankans eru eftirfarandi:

1. Reglur um laust fé og gjaldeyrisjöfnuð til að draga úr gjalddagamisræmi í erlendum gjaldmiðlum.
2. Takmörkun á söfnun innlána erlendis til að draga úr gjalddagamisræmi í erlendum gjaldmiðlum og undirstrika hlutverk Seðlabanka Íslands sem lánveitanda til þrautavara í íslenskum krónum eingöngu.
3. Takmörkun eða bann við gjaldeyrislánnum til óvarinna aðila til að draga úr óbeinu gjaldmiðlamisvægi.
4. Stýritæki til að sporna við óhóflegum sveiflum fjármagns inn og út úr landinu sem magna hagsveifluna. Hér gæti verið um gjald á fjármagnsflutninga að ræða eða bindiskylda á erlenda fjármögnun.

3

[http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/S%C3%A9rrit/S%C3%A9rrit%20nr%20%206%20_Var%C3%BA%C3%B0arreglur%20-%20Copy%20\(1\).pdf](http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/S%C3%A9rrit/S%C3%A9rrit%20nr%20%206%20_Var%C3%BA%C3%B0arreglur%20-%20Copy%20(1).pdf)

5. Tímabundnar takmarkanir á aukningu erlendra eigna lífeyrissjóðanna til að draga úr þrýstingi á krónuna.

Í lok nóvember 2013 tilkynnti Seðlabankinn um nýjar lausafjárreglur bankans, m.a. um laust fé í erlendum gjaldmiðlum sem ætlað er að draga úr lausafjárahættu í erlendum gjaldmiðlum sem reyndist vera ein stærsta áhættan í aðdraganda bankahrunsins árið 2008. Breyting á lögum um Seðlabanka Íslands um mitt ár 2013 renndi styrkari stoðum undir heimild bankans til að setja reglur um lausafjánhlotfall í erlendum gjaldmiðlum. Framundan er frekari vinna við reglur um lágmark stöðugrar fjármögnunar lánastofnana í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum. Slíkar reglur líta til lengri tíma en lausafjárreglur og miða að því að takmarka gjalddagamisræmi, einkum í erlendum gjaldmiðlum.

Unnið er að breytingum á lögum sem snúa að lántöku í erlendri mynt í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Gert er ráð fyrir að frumvarp þess efnis verði lagt fram á vörþingi 2014.

Fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða eru nú til skoðunar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Áður en höftum verður lyft að fullu verður litið til þess hvort setja skuli takmarkanir á aukningu erlendra eigna lífeyrissjóðanna líkt og Seðlabankinn kallar eftir. Hér takast þó á sjónarmið um takmörkun á flæði frá landinu og skynsemi þess að sjóðirnir geti á ný byggt um alþjóðlegt eignasafn með dreifðri áhættu, enda felst í sjóðunum stærsti hluti sparnaðar íslensks almennings.

Skipulagsuppbygging áætlunarinnar

Stýrinefnd

Yfirstjórn verkefnisins er í höndum stýrinefndar, sem ráðherra fjármála- og efnahagsmála leiðir. Aðrir fulltrúar í stýrinefnd eru seðlabankastjóri, ráðuneytisstjórar forsætis- og fjármála- og efnahagsráðuneyta og efnahagsráðgjafi forsætisráðherra. Nefndarfundi sitja jafnframt embættismenn og sérfræðingar úr Seðlabanka, fjármála- og efnahagsráðuneyti og forsætisráðuneyti.

Undir stýrinefnd starfar sérstökverkefnisstjórn þar sem sitja fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytis, forsætisráðuneytis, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlits.

Samráðsnefnd þingflokka

Samráðsnefnd fulltrúa þingflokka um afnám fjármagnshafta skal vera vettvangur fyrir miðlun upplýsinga og samráð um málefni tengd fjármagnshöftum og afnámi þeirra. Skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu er formaður nefndarinnar, en í nefndinni sitja fulltrúar þeirra þingflokka sem eiga sæti á Alþingi.

Ráðgjafahópur

Þann 27. nóvember 2013 skipaði forsætisráðherra sex manna ráðgjafahóp, sem hefur það hlutverk að gera tillögur til ráðherranefndar um efnahagsmál og undirnefnda hennar um einstaka skref og áætlun um losun fjármagnshafta. Hópurinn skal meta erlenda stöðu þjóðarbúsins og efnahagslegan stöðugleika, auk þess að greina lykilatriði núverandi afnámsáætlunar, þar með talin uppgjör hinna föllnu banka og hraða og framgang annarra þátta. Formaður hópsins er Sigurbjörn Þorkelsson, en aðrir fulltrúar eru Eiríkur Svavarsson, Jón Helgi Egilsson, Jón Birgir Jónsson, Ragnar Árnason og Reimar Pétursson. Með hópnum starfa Benedikt Árnason og Benedikt Gíslason.

Fyrri nefndir

Vinnuhópur íslenskra stjórnvalda og framkvæmdastjórnar ESB vann framan af árinu 2013 að áfangaskýrslu um losun fjármagnshafta og var fundað 22. janúar 2013 í Frankfurt í tengslum við þá vinnu. Formennska vinnuhópsins var í höndum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, en Seðlabanki Evrópu og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tóku einnig þátt í starfi hópsins. 15. nóvember 2013 tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fjármála- og efnahagsráðuneytinu um að þátttöku framkvæmdastjórnarinnar í vinnuhópnum ekki gæti orðið af frekari þátttöku í nefndarstarfinu, í ljósi ákvörðunar ríkisstjórnar Íslands um hlé á aðildarviðræðum.

Horfur um losun fjármagnshafta

Árangur við losun fjármagnshafta mun að miklu leyti ráðast af hraða við slit hinna föllnu banka. Af tölunum hér að framan er ljóst að slit þeirra gætu haft verulega neikvæð áhrif á fjármálalegan og efnahagslegan stöðugleika ef ekkert verður að gert. Áfram er þó stefnt að útboðum Seðlabanka Íslands til þess að losa um stöður óþolinmóðustu eigenda aflandskróna. Tilkynnt hefur verið um útboð í mars, maí, júní og september 2014.